

4. fundur skólanefndar kjörtímabilið 2018-2022 vegna Undralands haldinn fimmtudaginn 31. janúar 2019 kl. 15.00.

Mætt: Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Unnsteinn Eggertsson (H), sem ritaði fundargerð og Hanna Björk Grétarsdóttir (D og óháðir). Einnig sátu fundinn Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir, leikskólastjóri og Fríður Sæmundsdóttir, fulltrúi foreldraráðs. Freyja Þorkelsdóttir, fulltrúi starfsfólks, boðaði forföll og mætti Elma Jóhannsdóttir í hennar stað.

FUNDARSTAÐUR: UNDRALAND

DAGSKRÁ:

- 1. Skýrsla skólastjóra**
  - 2. Gátlisti, 1. töluliður sem fjallar um:**
    - a. leikskólahúsnaði, kröfur í lögum/reglum, greinar 4 og 12 í lögum 90/2008
    - b. aðbúnaður á leikskólalóð, kröfur í lögum/reglum, greinar 4 og 12 í lögum 90/2008
    - c. búnaður leiksskólans, kröfur í lögum/reglum, greinar 4 og 12 í lögum 90/2008
    - d. kröfur laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi
  - 3. Mötuneytismál**
  - 4. Til upplýsinga/kynningar**
    - a. Tölvupóstur frá Sambandi sveitarfélaga dags. 10. janúar sl. varðandi dag leikskólans 6. febrúar næstkomandi.
    - b. Lífshlaupið.
  - 5. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi**
- 

Formaður setti fund, bauð fundarfólk velkomið og óskaði eftir athugasemdu við útsent fundarboð og dagskrá. Engar athugasemdir gerðar. Gengið var til dagskrár.

**1. Skýrsla skólastjóra.**

Hér á Undralandi hefur margt skemmtilegt verið á dagskránni í haust. Við fórum inn í nýtt skólaár upppfullar af hugmyndum um útikennslu. Eins og kannski flestir vita fór starfsfólk leikskólans í námsferð til Brighton síðastliðið vor og þar lærðum við margt og mikið sem nýtist okkur vel í starfinu. Við sáum svo námskeið á haustdögum um útikennslu og bættum í hugmyndabankann.

Öll börn fara a.m.k. einu sinni í viku í skipulagða útikennslu, við fórum mikið í göngutúra og skoðum umhverfið og síðan er útivist tvívar á dag.

Á dagsskipulaginu/stundaskrá eru tímar í íþróttahúsi og fara allir nemendur þangað í skipulagðar hreyfistundir.

Hér á leikskólanum hefur sú hefð skapast fyrir jól að foreldrar hafa mætt og bakað piparkökur með börnum. Í ár var ákveðið að breyta til og bjóða foreldrum í skóginn á aðventustund. Þar var farið í leiki og grillað. Góð mæting var og allir sáttir við þessa breytingu og það sem kannski kom mest á óvart var að það fannst dagpartur þar sem veðrið var okkur hliðholtt.

Foreldrafélagið stendur vel við bakið á okkur og jólagjöfin í ár var ljósaborð sem kemur að góðum notum. Í febrúar fara tveir starfsmenn á námskeið í notkun "Vináttu", námsefnis fyrir yngstu börnin og ætlar foreldrafélagið að gefa okkur það efni og innifalið er námskeiðsgjald fyrir two.

FS

ÞA

FBM  
JE  
ED

Í desember tókum við leikskólakerfið Karellen í notkun og eru starfsmenn og vonandi foreldrar að kynna sem okkur líst mjög vel á.

Í síðustu viku var haldið upp á komu þorra og körlum boðið í heimsókn. Góð mæting var og skemmtilegt að sjá hvað allir gáfu sér góðan tíma með börnunum. Síðan verður kerlingum boðið í heimsókn í tilefni konudags í febrúar. Við ætlum að hafa opið hús á Degi leikskólans. Dagur leikskólans verður haldinn hátiðlegur í leikskólum landsins miðvikudaginn 6. febrúar. Þetta er í tólfra skipti sem haldið er upp á daginn en 6. febrúar er merkilegur dagur í leikskólasögu þjóðarinnar því á þessum degi árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín.

Núna eru 42 börn á leikskólanum, eitt byrjar í aðlögun 4. febrúar og við höfum fengið fyrirspurnir vegna fleiri barna sem eru hugsanlega að flytja hingað. Síðan erum við með umsóknir fyrir börn sem byrja 1. apríl. Af þessum börnum eru nokkur sem þurfa sérstakan stuðning, níu börn eru tvítyngd og eru þau flest á miðdeildinni okkar eða sex og þar sjáum við jafnvel fram á tvö í viðbót. Á Skógarkoti eru 17 börn, Heiðarkoti 17 (jafnvel fjölgun þar) og á Móakoti eru níu börn.

Mig langar til að minna á að samkvæmt reglugerð um starfsumhverfi leikskóla skal ákvörðun um fjölda barna og skipulag skólastarfs taka mið af samsetningu barnahópsins, dvalartíma barna dag hvern, aldri þeirra og þörfum, samsetningu starfsmannahóps og umfangi sérfræðipjónustu.

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/655-2009>

Ég þreytist ekki á að hrósa starfsmannahópnum hér á Undralandi sem snýr bökum saman og stundum þarf virkilega að herða sig upp þegar veikindi starfsmanna og/eða barna eru mikil og vantar í hópinn. Oft kemur fyrir að deildarstjórar komast ekki í undirbúning, hvað þá aðrir starfsmenn. Og ég vil benda á að viða hefur verið aukið við undirbúningstíma umfram það sem er í kjarasamningum og er það eitthvað sem ég vildi að væri skoðað hér.

Nú hefur bæði fjölgað í barnahópnum og einnig í starfsmannahópnum þannig að við erum með afleysingu og finnum við mikinn mun á því. Í haust vantaði bæði inn á eina deild og starfsmann í afleysingu.

Nú í febrúar verður starfsmannakönnun á vegum Skólapúlsins og síðan er foreldrakönnun í mars. Það verður spennandi að sjá niðurstöður úr þessum könnunum og nýta þær til að gera góðan leikskóla betri.

## 2. Gátlisti, 1. töluliður sem fjallar um:

- a. leikskólahúsnaði, kröfur í lögum/reglum, greinar 4 og 12 í lögum 90/2008

*Spurt er: Uppfyllir leikskólahúsnaðið kröfur laga og reglugerða?*

Leikskólastjóri upplýsti að húsnaðið uppfyllir kröfur.

- b. aðbúnaður á leikskólalóð, kröfur í lögum/reglum, greinar 4 og 12 í lögum 90/2008

*Spurt er: Uppfyllir aðbúnaður á útvistar- og leiksvæði/leikskólalóð kröfur laga og reglugerða?*

JK  
EJ  
FS  
RB

Leikskólastjóri upplýsti að svæðin uppfylli kröfur.

**c. búnaður leiksskólans, kröfur í lögum/reglum, greinar 4 og 12 í lögum 90/2008**

*Spurt er: Uppfyllir búnaður í leikskólanum kröfur laga og reglugerða?*

Leikskólastjóri upplýsti að búnaður í leikskólanum uppfylli kröfur.

**d. kröfur laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi**

*Spurt er: Eru uppfylltar kröfur laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi í leikskólanum og á leikskólalóð?*

Leikskólastjóri upplýsti að kröfur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi í leikskólanum eru uppfylltar.

**3. Mötuneytismál**

Leikskólastjóri fór yfir málið, m.a. kemur fyrir að minni fjölbreytni er í þeim mat sem kemur frá mötuneytinu inn í leikskólann, en þeim sem framreiddur er til annarra. Hlutfall unnina matvæla hefur einnig aukist. Samráð virðist skorta um samsetningu matseðilsins.

Skólanefnd leggur til að tekið verði upp samráð við uppsetningu á matseðlinum fyrir skólanu hverju sinni, einkum í tengslum við heilsueflandi samfélag.

Undir þessum lið var um verkefnið "Heilsueflandi samfélag" og formanni falið að kanna stöðu mála og koma með inn á næsta fund.

**4. Til upplýsinga/kynningar**

**a. Tölvupóstur frá Sambandi sveitarfélaga dags. 10. janúar sl. varðandi dag  
leikskólans 6. febrúar næstkomandi.**

Lagt fram til kynningar.

Þennan dag verður leikskólinn opinn almenningi og eru allir þeir sem vilja kynna sér starfsemi hans og það nám sem þar fer fram eru hvattir til að koma í heimsókn milli kl. 15.00 og 16.00.

**b. Lífshlaupið.**

Starfsfólk leikskólans mun taka þátt í verkefninu sem stendur yfir frá 6. febrúar til 26. febrúar.

Leikskólastjóri mun leggja fram hugmynd um að sundlaug sveitarfélagsins standi opinn fyrir starfsmenn á umræddu tímabili, án endurgjalds.

**5. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi**

**a) Gátlisti.** Samþykkt að taka fyrir lið nr. 2 og 3 á næsta fundi.

Næsti fundur er ráðgerður fimmtudaginn 14. mars 2019, kl. 15.00.

Engin önnur mál tekin fyrir. Fundi slitið kl. 15.50.

*Eloa Jóns Ólafsson  
Fridur Sæmunds Ólafsson  
Erla Jónasson  
Hanna Þóra Guðmundsson*